



Kominn tími til að vakna og hugsa um framtíð jarðar

● **Dagný Erla Gunnarsdóttir, 15 ára, brýnir fyrir fólki að taka á mikilvægum málum**

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

„Ég vona bara að fólk vakni og fari að taka eftir umhverfis- og loftslagsbreytingum svo það verði einhver framtíð, fyrir mig og næstu kynslóðir,“ sagði Dagný Erla Gunnarsdóttir í ræðu sem hún hélt í afmælisveislu Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir þá Íslendinga sem eiga 100 ára afmæli í ár.

Dagný er 15 ára nemandi í Egilsstaðaskóla og Varmahlíðarskóla í Skagaafirði og fer í 10. bekk í haust. Í ræðu sinni rifjaði hún upp liðna tíð og benti meðal annars á að afi sinn hefði upplifað mjög miklar breytingar á 95 ára ævi, „frá árabátum til internets“. Hún velti fyrir sér næstu 100 árum og sagðist fullviss um að tæknin héldi áfram að þróast hraðar en nokkurn óraði fyrir. „Við þurfum þó að passa að þótt tæknin sé mikil þá megum við ekki hætta mannlegum samskiptum,“ sagði hún og lagði áherslu á að fólk yrði að hittast og eiga góða samveru frekar en að tala saman í gegnum skjá.

Efnishyggja víki

Í máli Dagnýjar kom fram að efnishyggjan væri allsráðandi og fólk hefði betur lært nægjusemi og þakklæti af þeim sem eldri eru. „Þakklæti fyrir að börnin manns séu heilbrigð og nægjusemi fyrir að eiga húsaskjól og mat. Til að ég geti talað við börnin mín eða barnabörnin mín um gömlu góðu dagana þá þarf ég að hugsa um framtíð þeirra. Ég þarf að horfast í augu við það að núna er tíminn til að gera eitthvað fyrir jörðina. Ekki eftir 5 ár eða 10 ár heldur núna.“

Allir verði jafnir

Dagný sat á Alþingi unga fólksins í fyrradag og sagði gamla fólkinu frá því að krakkarnir hefðu afhent



Morgunblaðið/Eggert

Í afmælisveislunni Dagný Erla Gunnarsdóttir hélt ræðu í afmælisveislunni á Hrafnistu sem haldin var fyrir þá Íslendinga sem eiga 100 ára afmæli í ár. Ellefu manns, sem eiga 100 ára afmæli á árinu, mættu í veisluna.

forsætisráðherra þrjár ályktanir um umhverfis- og loftslagsmál, jafnréttismál og heilbrigðismál til frekari umfjöllunar. „Það er það sem ég vona, að eftir 100 ár þá verði þessi mál komin í gegn, vonandi fyrr og við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af þeim. Ég vil ekki að staða jafnréttis verði söm og er í dag heldur að þau verði búið að betrubæta og að eftir 100 ár þá vitum við kannski ekkert hvað jafn-

rétti er af því að allir eru og verða jafnir.“

Pegar Dagný var beðin um að flytja ræðu í veislu Hrafnistu segist hún hafa byrjað að velta framtíðinni fyrir sér. „Krakkar á mínum aldri eru að byrja á því, en fyrir fimm árum hugsuðum við bara um að lifa lífinu, enda ekki það gömul.“ Hún segir að til þess að fólk geti áfram lifað á jörðinni sé mikilvægt að vera meðvituð um hvað þurfi að gera til þess

að halda henni í góðu standi. Í ræðunni benti hún á að hún væri hætt að nota rör eða notaði umhverfisvæn rör. Hún væri alltaf með fjölnota poka í vasanum og tæki strætó á æfingar í stað þess að fá far í einkabíl. „Margt smátt gerir eitt stórt,“ áréttaði hún.

Spurð hvort hún stefni á þing segist hún ekki vera viss um það. „Við sjáum til, en mig langar til þess að hjálpa fólki.“